

SATT ER BEST AÐ SEGJA

I

Sjálfssævisaga Þorv. Thoroddsens, er hann hefir nefnt Minningabók, er eins skemmtilega skrifuð og búast mátti við af þessum mikla fræðimanni og rithöfundi, enda hefir hún verið mikið lesin. Kafli er þar mig varðandi, sem mér fannst, er ég las hann, talsverð þörf á að gera nokkrar athugasemdir við, þó að í undandrætti hafi orðið. Þar segir svo (Minningabók, II, 1923, s. 45): „Ég hafði þá ánægju að nokkrir af lærisveinum mínum fengu svo mikinn áhuga á náttúruvísindum, að þeir gerðu þau að lífsstarfi sínu og hafa síðan gert íslenskum vísindum gagn og sóma. Sérstaklega hafa þeir Bjarni Sæmundsson og Helgi Jónsson skarað fram úr öðrum, og hafa sem kunnugt er mjög aukið þekkinguna um náttúru Íslands, annar í dýrafræði, hinn í grasfræði. Helgi Pjetursson lagði helst stund á jarðfræði og hafði góðar gáfur og hæfileika til þess starfs, og studdi ég hann til þess náms allt sem ég gat,* bæði með tilsögn, bókaláni og á annan hátt, en snemma fór hann að þjást af veikindum á taugakerfinu og fyrir hjartanu, og varð síðar upp úr því fullkomin geðveiki, svo að tók fyrir alla vísindalega starfsemi, sem hann hafði byrjað vel.“

II

Engan sem þetta les, mun geta furðað á því, að „tók fyrir allan“ fjárstyrk til mín frá Vísindafélaginu danska, eftir að Þorv. Thoroddsen var orðinn þar félagi, 1909. Honum nægir ekki að gefa í skyn, að Bjarni Sæmundsson og Helgi Jónsson séu mér miklu fremri vísindamenn — ég hefi látið mér nægja að hlæja að þeim mannjöfnuði, og aldrei sagt eitt

*) Þetta er eigi alllitið ýkt. H. P.

niðrandi orð um mína gömlu námsfélaga — heldur átti ég einnig snemma að hafa orðið taugaveiklaður, hjartveikur, og loks „fullkomlega geðveikur“ og með öllu óhæfur til vísindalegrar starfsemi. Þar við er að athuga, að ég lauk prófi í ársbyrjun 1897; 11 árum síðar, 1908 flutti ég fyrirlestra í Berlín; 1907, 1908, 1909 komu ritgerðir eftir mig í hinum merkustu landfræði- og jarðfræðitímaritum þýskum (seinast 1912); 1908 vildi prófessor Penck, heimskunnur maður á sviði landfræði og jarðfræði, láta Vísindafélagið í Berlín styrkja rannsóknir mínar með 8000 gullmörkum. Nokkru síðar var ég fenginn til að rita um Ísland í hina miklu Handbuch der regionalen Geologie (1910). Þar sem fremstu jarðfræðingar hvers lands voru fengnir til að semja þá bók, liggur nærri að ætla, að hinir merku jarðfræðingar, sem fyrir þessu verki stóðu, hafi haft öllu meira traust á mér sem vísindamanni en Þorvaldi Thoroddsen, og þarf ekki að efa, að hinum mikla fræðimanni hefir mislíkað það mjög, og að þangað mun vera að rekja, að hann sendi mér sendingu þessa í Minningabók sinni, sem hann vissi, að verða mundi mér til nokkurs ógagns.

III

Að því er heilsufarslýsinguna snertir, er það að athuga, að ég átti að vísu við nokkra hjartabilun að stríða, en það var svo langt frá því að eiga nokkuð skylt við það sem almennt er kallað hjartveiki, að „meðalið“ sem ég notaði, var að ég fór að æfa hlaup. Þar var annaðhvort að duga eða drepast, og hjartað dugði. En hin „fullkomna geðveiki“ mín var í því innifalin, að ég fékk óráð haustið 1910. Ég segi það ekki ósatt, að ég hafði verið fullkomlega laus við allt sem geðveiki gæti heitið, þangað til. En óráðið var afleiðing þess, að reynt var frá annarri stjörnu að ná sambandi við mig, en mistókst sakir óheppilegra stilliáhrifa; hugarfarið gagnvart mér var of bágborið, og af því hlaust, að ég missti jafnvægið um tíma. Og þó er það í rauninni villandi að segja, að þessi sambandstilraun hafi mistekist. Að vísu komst ég alveg í heljar greipar, og ýkjalaust sagt, nálega til helvítis. En

árangurinn varð þó sá, að í fyrsta skipti tókst að koma fram á þessari jarðstjörnu mjög nauðsynlegum skilningi, sem ég hefi nú verið að reyna til um hríð, eftir því sem mér hefir verið unnt, að koma áleiðis til samjörðunga minna.

Áður hafa verið gerðar tilraunir frá öðrum stjörnum til að afstýra ógurlegum hörmungum hér á jörðu, eins og vikið hefir verið á í kaflanum „Vegna hvers verið er á helvegi“. En það hefir ekki tekist. En þetta er úrslitatilraun. Nú er um það að ræða, hvort fara á fram af feigðarbarmi, svo að ekki verði við bjargað, eða takast að hverfa af helvegi og á rétta leið. Það hefði verið auðveldara aðgerða, ef hinir voldugustu og auðugustu menn á jörðinni hefðu gerst boðberar sannleikans. Hefði t. d. maðurinn sem sat í gullna hásætinu og horfði á Brúnó brenndan, verið þjónn sannleikans. Eða, eins og mætti orða það, verið ekki þjónn andskotans, heldur Guðs. En slíku hefir nú, því miður, ekki verið að heilsa. Og því er sem er. Þess vegna er nú miklu meiri kröftum en nokkru sinni áður í sögu mannkynsins þannig beitt, að leiða mundi til fullkomins ósigurs fyrir þá tilraun, sem lífið hér á jörðu er, ef nógu lengi yrði haldið áfram eins og nú stefnir.